


Árni Helgason

Athuganir á upplýsingum úr aflaskýrslum hjá fiskmóttöku KHB sumarið 1984 með úrdrætti á ensku.

(Analysis of information collected at the Fish-reception operated by the Egilstaðir Co-Operative during 1984.)

Eintak bókasafns

VMST- A/8501



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Arni Helgason

Athuganir á upplýsingum úr aflaskýrslum hjá
fiskmóttöku KHB sumarið 1984 með úrdrætti á
ensku.

(Analysis of information collected at the
Fish-reception operated by the Egilstaðir
Co-Operative during 1984.)

09. 02. 1985.

VAUST/8501.

Efnisyfirlit.

Inngangur	1
Niðurstöður	1
Ályktanir	2
Lokaorð	4
English Summary	5
Heimildir	6
Viðauki 1	11

Töfluskrá.

Tafla 1	Verð á silungi 1983-1984.	7
Tafla 2	Veiðisvæði á Héraði 1983-1984.	8
Tafla 3	Flokkun og verðmæti silungs sem kom í fiskmóttöku 1983-1984.	9
Tafla 4	Verðbreytingar á silungi 1983-1984.	10

Inngangur.

Öðru starfsári silungsverkefnis SSA er nú lokið. Niðurstöður um aflamagn sumarið 1984 liggja að nokkru leyti fyrir og er því fróðlegt að skoða þær í samanburði við niðurstöður frá 1983.

Í skýrslu um veiðarnar 1983 var á það bent, að lykilatriði í því að stjórna nýtingu silungsstofna í vötnum væri að hafa áreiðanlegar skráningar á magni og stærðardreifingu aflans (Árni Helgason, 1983). Á þessu varð nokkur misbrestur árið 1983 og í þeim tilgangi að bæta úr því, hafði Framkvæmdanefnd silungsverkefnisins, í samvinnu við Austurlandsdeild Veiðimálastofnunar, frumkvæði um að útbúa hentugt eyðublað fyrir veiðimenn, sem auðveldaði þeim að hafa yfirsýn yfir aflabrögð hjá sér og gerðu auk þess mögulegt að gera tölulegan samanburð á framvindu silungsveiðamála á milli ára. (Sjá viðauka 1)

Árangur af þessari tilraun til aflaskráningar hefur því miður lítill orðið enn sem komið er, og veiðimenn hafa fáir sent inn eyðublöð um veiðarnar á austurlandi 1984. Tölur um veiðarnar frá 1984 er því sem fyrr eftir reikningum yfir innlagðann afla í fiskmótöku KHB á Egilsstöðum, og er unnið úr þeim gögnum hér í skýrslunni, þrátt fyrir það að vafasamt sé, að þær gefi rétta mynd af veiði og aflasamsetningu í einstökum vötnum og hafi ýmsa vankanta, sem verða ekki tíundaðir hér frekar. Í því efni vísast til áður nefndrar skýrslu frá árinu 1983.

Niðurstöður.

Sem fyrr var tekið á móti silungi hjá KHB frá júní mánuði og fram að sláturtíð, samtals um 100 daga. Tekið var við fiskinum ísuðum og slægðum, og var blóðrák einnig fjarlægð, og er þyngdarflokkunin miðuð við það. Í töflu 1 er sýnd skipting í verðflokka árin 1983 og 1984.

Samtals voru lögð inn 2830.7 kg af silungi sumarið 1984, en það er aðeins um 54% af því magni, sem barst sumarið 1983.

Fiskur barst úr 16 silungsvötnum á Héraði sumarið 1983, en sumarið 1984 voru vötnin aðeins 5. Í töflu 2 er tekið saman fjöldi innleggjanda frá einstökum vötnum og magn sem barst 1983-1984.

Hvað viðvikur verðmæti og gæðaflokkun á silungi sem barst í fiskmóttökuna 1983, þá var meðalverð alls aflans kr 45.20 hvert kg en kr 68.40 hvert kg 1984, sem er um 51% hækkun milli ára. Ef eingöngu er tekið mið af I-III flokki, þar sem IV flokkur var ekki tekinn 1984, þá er meðalverð 1983 kr 47.50, en hækkun milli ára 44%. Jafnaðarverð á kíló 1983 var kr 50, en 1984 kr 68.30, eða 37.9% hækkun milli ára. Heildarverðmæti alls silungs aflans 1983 var samkvæmt reikningum 233.220 kr. en 193.650 árið 1984 og er það 17% lækkun í krónumtalið.

Ályktanir og umræða.

Það er ljóst af þeim gögnum, sem sett eru fram hér að framan, að veruleg minnkun verður í silungsmagni, sem lagt er inn í fiskmóttöku KHB árið 1984 samanborið við árið á undan, og er fróðlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða ástæður liggja þar að baki.

Á liðnu hausti var rætt við allmarga veiðibændur, sem höfðu stundað silungsveiðar 1983, og voru þeir inntir eftir skoðunum á helstu vandamálum í því að stunda silungsveiðar. Af þeim samtölum er ljóst, að það eru einkum 4 atriði, sem hugsanlega eiga átt þátt í því, að minna magn af silungi barst í fiskmóttöku KHB 1984 en árið á undan.

1. Mikil óvissa ríkti um markaðsmöguleika fyrir silung vorið 1984. Framan af vori var fyrirsjáanlegt, að dreifingar-fyrirtækið ASCO, sem var burðarásinn í dreifingu á silungi 1983, myndi ekki taka við silungi 1984. Sömuleiðis dróst nokkuð að fá ákveðna línu frá KHB um starfrækslu fiskmóttöku 1984, og lá sú ákvörðun ekki fyrir fyrr en liðið var á júnimánuð.

2. Af samtölum við veiðibændur mátti heyra, að misbrestur hefði orðið á, að þeim væri kynnt nægilega vel staðan í markaðs- og sölumálum á hverjum tíma, og í sumum tilvikum var að heyra, að menn töldu að fiskmóttaka í KHB hefði alls ekki verið opin sumarið 1984.

3. Nokkurrar óánægju varð vart yfir verðlagi á silungi í fiskmóttöku KHB, og töldu sumir, að verð á honum hefði lækkað í raungildi frá árinu á undan, og að það svaraði ekki kostnaði að stunda silungsveiðar fyrir það verð, sem í boði var.

4. Að síðustu mátti heyra óánægjuraddir með aflabrögð 1984, og þótti sumum sem mun minna veiddist þá en árið á undan og báru við sem skýringu, að fiskur væri uppveiddur í þeim vötnum, sem mest var veitt í 1983.

Lykillinn að því að koma á raunhæfri atvinnuveiði í vötnum er að verulegu leyti fólgin í markvissu starfi í markaðsöflun, og samvinnu veiðibænda um gæðaflokkun og verðlagningu á silungi. Ef vissa er fyrir hendi um verð og móttökustaði í upphafi hvers veiðitímabils, þá er fullvíst, að þeir bændur, sem eiga veiðirétt í silungsvötnum munu fúsir að stunda veiðar og nytja vötnin svo framarlega sem verð á fiskinum er viðunandi. Af framansögðu tel ég þess vegna, að megináherslan í silungsverkefninu eigi að vera sú, að byggja upp markaðs- og söluhlið málanna frekar en að hafa áhersluna á áróðursstarfi, sem hvetur menn til að stunda veiðar. Ef ekki er til staðar trygg markaðsleið fyrir afurðirnar, þá gefast veiðimenn fljótlega upp, og þeir hafa ekki áhuga á að stunda silungsveiðar, þegar þeir hafa ekki vissu fyrir því að losna við aflann fyrir viðunandi verð. Það eru allar líkur á því, að óvissan í markaðs- og sölumálum vorið 1984 hafi dregið úr áhuga manna til að stunda silungsveiðar það sumarið.

Raunar er það ljóst, eins og áður kemur fram, að upplýsingar úr fiskmóttökunni gefa ekki alveg sanna mynd af ástandinu, og að veiði var að einhverju leyti stunduð í fleiri vötnum 1984, þótt fiskur frá þeim kæmi ekki í fiskmóttöku KHB. Veiðimenn höfðu í þeim tilvikum leitað á önnur mið til að selja sinn afla m.a. vegna óánægju með verðið og óvissuna í sölumálum.

Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, þá hækkaði framfærslu-
vísitala um 28.6% á tímabilinu 1. júní 1983 til 1. júní 1984. Ef
sú hækun er borin saman við hækun á verði fyrir innlagðann
silung í fiskmóttöku KHB (sjá töflu 4), þá virðist sem góð
samsvörun sé þar á milli a.m.k. fyrir II - III flokk, en 81.6% af
aflanum fór í þá tvo flokka. Það er einnig athyglisvert, að
meðalverð á kíló hækkar um 44% á milli ára, sem er talsvert umfram
verðbólgu, og er ástæða þess væntanlega annarsvegar betri flokkun
á fiski 1984 og hinsvegar breyting á stærðarbílum í flokkana.
Samkvæmt þessu virðist verðlag á fiski frekar hafa hækkað en
lækkað milli 1983 og 1984.

Hvað varðar léleg aflabrögð 1984 miðað við 1983 þá er rétt að
benda á það, að þegar ætlunin er að nýta náttúruleg lífkerfi, þá
verður ávallt að reikna með breytileika í afla, sem endurspeglar
fyrst og fremst sveiflur í nátturunni. Einnig dugar skammt að
starfa eftir dagatalinu einu saman, heldur verður að taka mið m.a.
af árferði á hverjum tíma. Í hlýjum árum má ætla að veiði þurfi
að hefjast fyrr en í kaldari árum, og nokkur sveigjanleiki í
veiðitækni er jafnan nauðsynlegur eftir ástandinu á hverjum tíma.
Ég tel ekki ástæðu til að ætla, að orsök lakari veiði sumarið 1984
miðað við árið á undan sé vegna þess, að fiskur sé uppurinn úr
vötnum vegna ofveiði heldur frekar sú, að vegna óvenjulegs
árferðis hefði þurft að bera sig til við veiðarnar með öðrum hætti
en áður.

Lokaorð.

Eins og kemur fram í inngangi, þá er það ljóst, að ekki fæst sönn
mynd af veiði í einstökum vötnum með því að notast við tölur yfir
innlagðann fisk í fiskmóttöku, og er því nauðsynlegt, að það sé
lögð áhersla á að koma á ítarlegum skráningum á aflabrögðum hjá
veiðimönnum sjálfum.

Ef áframhald verður á silungsveiði í vötnum á austurlandi, þá
verður slíkt skýrsluhald nauðsynlegt hjálpartæki til þess að stýra
nýtingu fiskstofna í hagkvæman farveg og er það þess vegna ekki
síst hagur veiðimannanna sjálfra, að þessi háttur komist á sem
fyrst.

English summary.

In this report an attempt is made to analyze data on Trout and Arctic char catches in the Egilsstaðir-area in 1984 in comparison with similar data available for the year 1983 (Árni Helgason, 1984). The data used were collected at the fish-reception operated by the Egilsstaðir CO-operative during 1983-1984.

It is noted, that certain changes have been made on the grouping of received fish into relevant price-classes (Table 1), and that the price increase in 1984 appears to be favourable compared to the percentage increase in the official consumption index for the period 1.6.1983 - 1.6.1984 (Table 4).

The number of lakes that contributed to the total amount of fish handled at the the Fish-reception declines from 16 in 1983 to 5 in 1984 (Table 2). The total value of the catch in 1984 is 83% of the total value from the previous year although the quantity by weight is only 54% of the quantity in 1984 (Table 3). The mean price per kilo increased from 45.20 IKR in 1983 to 68.40 IKR in 1984, which is an increase of approximately 51%.

Interviews with a number of people that participated in the 1983 fishing program revealed, that the reason for reduced interest in Trout and Arctic char netting in 1984 is to some extent due to less optimistic marketing expectations for the fish and un-acceptable price structure compared to the cost of fishing. This assumption appears to be partly based on lack of accurate information on the actual marketing possibilities and changes in the price offered for Trout and Arctic char, that were made in early June.

It is recognized, that information collected at a single Fish-reception is bound to be mis-leading and is not a reliable source of data for fishery management purposes. An attempt was made to organize more detailed and reliable data collection by the fishermen themselves, and a simple form was printed and distributed for this purpose (Appendix 1). This attempt did not prove successful.

It is suggested that the emphasis of the SSA project should be more on the marketing aspect, and that a more effective means of distributing information on the current situation of the market to fishermen is necessary. It is assumed, that provided the market exists, and the price is acceptable, that the interest of potential Trout fishermen will automatically be motivated, and that intensive propaganda to initiate fishing is not of necessary.

Heimildir (References):

Árni Helgason, 1983: Athuganir á upplýsingum úr aflaskýrslum hjá fiskmóttöku KHB sumarið 1983. (VAUST/8306)

Árni Helgason, 1984: Investigation of information extracted from data collected at the Fish-reception operated by the Egilsstaðir Co-Operatívi for Trout and Arctic char during the summer 1983. (VAUST/8402)

Tafla 1. Verð á innlögðum silungi í móttöku KHB 1983 og 1984.

Table 1. (Price structure of Trout and Arctic char at the Egilsstaðir Fish Reception during 1983-1984)

Flokkur (Group)	Stærð (Size)	verð 1983 (Price)	Stærð (Size)	Verð 1984 (Price)
I	> 750 g	65 Kr	> 700 g	80 Kr
II	350 - 400 g	55 -	400 - 700 g	70 -
III	180 - 350 g	30 -	200 - 400 g	55 -
IV	< 180 g	15 -	Ekki tekið við 1984	

Tafla 2. Veiðisvæði á Héraði, sem voru nytjuð að einhverju leyti árin 1983-1984.

Table 2. (Lakes in the Hérað-district which contributed Trout and Arctic char to the catch received at the Egilsstaðir Fish reception)

Númer (No.)	Vatn (Lake)	1983			1984			+/- %
		F.I.	Kg	Kg/I	F.I.	Kg	Kg/I	
	Lagarfljót	14	963	69	19	1263	66	+ 30
7504-102	Núpavatn	1	60	60	0	0	0	-100
7504-122	Sænautavatn	6	1474	246	0	0	0	-100
7504-124	Ánavatn	2	340	170	0	0	0	-100
7505-001	Múlavatn	1	367	367	5	629	126	+ 71
7506-001	Urriðavatn	4	352	88	3	311	104	- 11
7506-002	Langavatn	3	138	46	0	0	0	-100
7506-004	Reyðarvatn	1	15	15	2	41	21	+173
7507-010	Þórisvatn	2	44	22	0	0	0	-100
7507-020	Stekkavatn	1	30	30	0	0	0	-100
7507-024	Álftavatn	1	68	68	0	0	0	-100
7508-016	Kílatjörn	1	8	8	0	0	0	-100
7601-001	Skriðuvatn	3	159	53	0	0	0	-100
7604-004	Arnarvatn	1	99	99	0	0	0	-100
7604-005	Grafarvatn	1	150	150	0	0	0	-100
7604-006	Eiðavatn	2	890	445	2	596	298	- 33
Samtölur		44	5157		31	2830		
Meðaltöl				121			123	

F.I. : Fjöldi innleggjanda (Number of contributors).

Kg/I : Magn (Kg) á innleggjanda (Quantity (Kg) per contributor).

+/-% : Hlutfallsleg breyting í magni milli ára (Percentage change in total quantity from 1983 to 1984).

Tafla 3. Flokkun og verðmæti silungs, sem kom í fiskmóttöku KHB 1983-1984.

(Table 3. Classification and price value of the Trout and Arctic char that was handled at the Fish-reception 1983-1984)

1983		FLOKKUN EFTIR ÞYNG(D (wt)					FLOKKUN Í PRÓSENTUM (%)					
NÚMER	VATN	I	II	III	IV	KG.	I	II	III	IV	S.KR.	KR/KG
	LAGARFLJÓT	162	602	188	11	963	16.8	62.5	19.5	1.1	49,445.0	51.3
7504-102	NÚPAVATN	0	9	27	24	60	0.0	15.0	45.0	40.0	1,665.0	27.8
7504-122	SÆNAUTAVATN	67	762	552	93	1,474	4.5	51.7	37.4	6.3	64,220.0	43.6
7504-124	ÁNAVATN	29	246	58	7	340	8.5	72.4	17.1	2.1	17,260.0	50.8
7505-001	MÚLAVATN	46	271	44	6	367	12.5	73.8	12.0	1.6	19,305.0	52.6
7506-001	URRIÐAVATN	31	172	130	19	352	8.8	48.9	36.9	5.4	15,660.0	44.5
7506-002	LANGAVATN	20	57	49	12	138	14.5	41.3	35.5	8.7	6,085.0	44.1
7506-004	REYÐARVATN	1	2	7	5	15	6.7	13.3	46.7	33.3	460.0	30.7
7507-010	ÞÓRISVATN	17	24	3	0	44	38.6	54.5	6.8	0.0	2,515.0	57.2
7507-020	STÉKKAVATN	17	13	0	0	30	56.7	43.3	0.0	0.0	1,820.0	60.7
7507-024	ÁLFTAVATN	0	35	32	1	68	0.0	51.5	47.1	1.5	2,900.0	42.6
7508-016	KÍLATJÖRN	0	2	6	0	8	0.0	25.0	75.0	0.0	290.0	36.3
7601-001	SKRIÐUVATN	3	77	55	24	159	1.9	48.4	34.6	15.1	6,440.0	40.5
7604-004	ARNARVATN	13	68	15	3	99	13.1	68.7	15.2	3.0	5,080.0	51.3
7604-005	GRAFARVATN	23	93	30	4	150	15.3	62.0	20.0	2.7	7,570.0	50.5
7604-006	EIÐAVATN	11	305	427	147	890	1.2	34.3	48.0	16.5	32,505.0	36.5
SAMTÖLUR:		440	2,738	1,623	356	5,157					233220	
MEÐALTÖL:							8.5	53.1	31.5	6.9		45.2
1984		FLOKKUN EFTIR ÞYNGD					FLOKKUN Í PRÓSENTUM					
NÚMER	VATN	I	II	III	IV	KG.	I	II	III	IV	S.KR.	KR/KG
	LAGARFLJÓT	233	752	268	-	1,253	18.6	60.0	21.4	-	86,021.5	68.7
7504-102	NÚPAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7504-122	SÆNAUTAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7504-124	ÁNAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7505-001	MÚLAVATN	177	402	51	-	629	28.1	63.8	8.0	-	45,055.0	71.6
7506-001	URRIÐAVATN	79	208	24	-	311	25.4	66.9	7.7	-	22,205.5	71.4
7506-002	LANGAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7506-004	REYÐARVATN	9	28	4	-	41	21.1	68.7	10.2	-	2,908.0	70.6
7507-010	ÞÓRISVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7507-020	STÉKKAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7507-024	ÁLFTAVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7508-016	KÍLATJÖRN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7601-001	SKRIÐUVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7604-004	ARNARVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7604-005	GRAFARVATN	0	0	0	-	0	0.0	0.0	0.0	-	0.0	0.0
7604-006	EIÐAVATN	22	275	299	-	596	3.6	46.2	50.2	-	37,460.5	62.8
SAMTÖLUR:		520	1,665	646	-	2,831					193650.5	
MEÐALTÖL:							18.4	58.8	22.8	-		68.4

Tafla 4. Hækkun á verði fyrir innlagðann silung í fiskmóttöku KHB milli ára 1983 og 1984.

(Table 4. Increase in price for Trout and Arctic char at the Egilsstaðir Fish reception 1983-1984)

Hækkun á framfærsluvísitölu 1.6.83 - 1.6.84 var 28.6%

(Increase in official consumption index 1.6.1983-1.6.1984 was 28.6%)

	1983	1984	hækkun (Incr.)
I. flokkur	65.0 kr/kg	80.0 kr/kg	23.1%
II. -	55.0 -	70.0 -	27.2%
III. -	30.0 -	55.0 -	50.0%
IV. -	15.0 -	Ekki tekinn 1984.	

Viðauki 1 (Appendix 1).

VEIÐIMÁLASTOFNUN – AUSTURLANDSDEILD

SILUNGSVERKEFNI SSA

Veiðiskýrsla fyrir silung

Númer á lögn ¹	Hvenær lagt ²		Hvenær dregið ³		Fjöldi neta ⁴	Netastærð (mm á legg) ⁵	Bleikja ⁶				Urriði ⁷				
	Dagur	Kl.	Dagur	Kl.			Óslægð		Slægð		Óslægður		Slægður		
							Fjöldi	Kg	Fjöldi	Kg	Fjöldi	Kg	Fjöldi	Kg	
Samtölur ⁸					9			10	11	12	13	14	15	16	17

Fjöldi veiðitíma ¹⁸	Meðaltími á net ¹⁹	Bleikja óslægð Kg á net ²⁰	Urriði óslægður Kg á net ²¹	Bleikja ósl. Meðalb. ²²	Bleikja sl. Meðalb. ²³	Urriði ósl. Meðalb. ²⁴	Urriði sl. Meðalb. ²⁵

Ár ²⁶	Mánuður ²⁷	Veiðivatn ²⁸	Vatnanúmer ²⁹

Skýringar:

Reitur númer:

- 1. Númer á lögn. Lagnir eru raðnúmeraðar fyrir hverja vertíð (veiðiár).
- 2. Hvenær lagt. Skráð dagsetning og næsti heili tími eftir að byrjað er að leggja. T. d. ef byrjað er kl. 23.40, þá er skráð kl. 24.
- 3. Hvenær dregið er. Skráð dagsetning og næsti heili tími eftir að byrjað er að draga.
- 4. Fjöldi neta. Skráður fjöldi: 25 metra langra neta, 50 metra net telst vera 2 net.
- 5. Netastærð. Möskvastærð neta er skráð í mm á legg (mm á milli hnuta). Ef veitt er með morgum stærðum er gefin upp minnsta og mesta möskvastærð.
- 6. Bleikja. Hér er skráður fjöldi veiddra bleikja og heildarpungi aflans í heilum kílóum, og er ávallt gefin upp næsta heila tala neðan við vigt. T. d. ef aflur er 78.7 kg er skráð 78 kíló. Aflinn er veginn óslægður. Í tvo aftari dálkana er skráður fjöldi bleikja, sem eru hirtar, og heildarpungi aflans sem er nýttur, eftir að hann hefur verið verkað ur (slægður og þveginn). Heildarpunginn er gefinn í heilum kílóum.
- 7. Urriði. Skráð fyrir urriða á sama hátt og fyrir bleikju.
- 8. Samtölur. Í dálka 9 til 17 er skráð samtalan ur dálkunar fyrir ofan.
- 18. – 25. Þessir dálkar eru fyrir úrvinnslu Veiðimála stofnunar, og færast ekki af veiðimanni.
- 26. Ár. Hér er skráð árið, sem veitt er.
- 27. Mánuður. Hér er skráður veiðimánuðurinn.
- 28. Veiðivatn. Nafn á vatninu, sem veitt er í.
- 29. Vatnanúmer. Númer á vatninu samkvæmt númerakerfi Veiðimálastofnunar.

Vinsamlegast sendið hvíta afritið til:
 Veiðimálastofnun – Austurlandsdeild
 Lyngasi 12 – 700 Egisstaðum
 ☎ 97-1675